

LEIÐ

LAUGARDAGUR 15. DESEMBER 2018

Helgin



Margrét Guðnadóttir hannar fallega kerta-stjaka og jólatré úr íslenskum við. Hún er annar stofnenda Kirsu-berjatrésins sem heldur upp á tuttugu og fimm ára afmæli á árinu. ➔8



Þær Guðrún Margrét Valsteinsdóttir verslunarstjóri, Sigrún Edda Halldórsdóttir og Erla Magnúsdóttir hlakka til opunardags Búvara SS í dag. MYND/EYÞÓR

Draumagjafir dýravina, bænda og veiðimanna

Sláturfélag Suðurlands opnar í dag verslunina Búvörur SS í höfuðstöðvum sínum á Fosshálsi 1. Þar fást freistandi gjafir á góðu verði sem gleðja jafnt hestamenn, bændur, veiðimenn, útivistarfólk og hundaeigendur. ➔2

Verða þetta þín lukkujól?

Jólamínn er kominn á sölustöð um allt land.

HAPPA
DREMAN

www.gleðleg.is





Skór frá Grisport og stígvél frá Dunlop og Muckboots fást í Búvörum SS.

Framhald af forsiðu ➔

Búvörum SS bjóðum við vandaðar vörur á góðu verði fyrir hestamennsku, veiði, hundabjálfuln, útivist og landbúnað,“ segir Sigrún Edda Halldórsdóttir, fulltrúi í búrekstrardeild Sláturfélags Suðurlands.

Nýja búðin á Fosshálsi kemur í kjölfar búvöruverslunar sem SS opnaði á Hvolsvelli í jólamánaðinum í fyrra.

„Sú verslun sló í gegn, mót-tökurnar hafa frá fyrsta degi verið mjög góðar og eru viðskiptavinir virkilega ánægðir með verðlag okkar á fatnaði sem og öðrum vörum til búreksturs, útivistar og áhugamála,“ upplýsir Sigrún Edda.

Gæðavörur á góðu verði

Sláturfélag Suðurlands hóf sölu á gæðafatnaði fyrir hestamennsku í byrjun árs 2016.

„Við byrjuðum með flíkur frá Equisana sem framleiðir boli, jakka, úlpur og fylgihluti fyrir hestafólk en líka hestafóður og fjölbreyttar vörur fyrir hestamennskuna. Í kjölfar þess hve Equisana var tekið fagnandi höfum við svo smám saman stækkað við okkur og bætt spennandi merkjum í vörurvalið,“ segir Sigrún Edda í nýrri og glæsilegri verslun SS á Fosshálsi.

„Það er ánægjuleg upplifun að koma í nýju búðina, njóta góðrar þjónustu og skoða úrvalið sem gleður og hittir örugglega í mark sem jólagjöf. Nú bjóðum við veiðifatnað og fylgihluti frá Mike Hammer, hestavarning frá söðla-smiðnum Jóni Sigurðssyni í Garðabæ, þar af margt sem hann býr til sjálfur en líka vörur sem Jón flytur inn. Þá erum við nýbúin að taka upp glæsilegar reiðbuxur, hanska og fleira í hestamennskuna frá Karlslund,“ segir Sigrún Edda.

Einstakt fyrir hunda og hesta

Svo ótal margt spennandi fást í jólapakkana í búvöruverslun Sláturfélagsins.

„Nýlega bættist við fatnaður og

sérhannaðar vörur fyrir hundabjálfuln frá DogCoach. Merkið býður upp á ýmsa skemmtilega fitusa eins og húfu með ljósi.

Hún höfðar líka til fólks í hestamennsku og hvers kyns útivist en hefur einnig verið keypt fyrir krakka til að hafa á höfðinu á ferðum sínum í og úr skóla,“ segir Sigrún Edda um vinsælustu vöru DogCoach um þessar mundir.

Í Búvörum SS fæst nú einnig norska merkið Non-Stop fyrir hundaeigendur en það er flutt inn af Kolbrúnu Örne Sigurðardóttur fagdyrahjúkrunarfræðingi.

„Non-Stop framleiðir meðal annars beisli og fleiri vörur fyrir sleðahunda. Non-Stop er í miklum metum hjá sleðahundafólki en vörurnar henta einnig fyrir leitarhunda, almenna hundaeigendur og fólk sem skokkar með hunda,“ útskýrir Sigrún Edda.

Göngu- og götuskór frá Grisport njóta líka mikilla vinsælda í Búvörum SS.

„Grisport er vandað, slitsterkt og traust útivistarmerki með flott hannaða skó sem fást á frábæru verði hjá okkur,“ segir Sigrún Edda sem einnig selur þrautreynd og dugandi stígvél frá Dunlop og Muckboots.

Úlpur á frábærum kjörum


Af nógu er að taka þegar kemur að flottum úlpum og yfirhöfum í Búvörum SS á Fosshálsi.

„Við erum með sterkar, stællegar og umvefjandi úlpur á frábæru verði. Vinsælasta vetrarúlpun er á 11.996 krónur og í barnastærðum á 9.957 krónum. Parkaúlpun sú er einstaklega hlý og vönduð, með gervifeld á hettu, mörgum vösium og þykkum kraga,“ segir Sigrún Edda sem hefur notað sína Equisana-úlpu síðan þær voru fyrst fluttar inn í ársbyrjun 2016.

„Svo erum við auðvitað með plast í heyskapinn og föður fyrir sauðfé, nautgripi, hænsni, hunda, ketti og hross. Í lok desember hefst áburðarsöluöldin og við erum með hágæða einkorna áburð frá Yara,“ upplýsir Sigrún.



Hlý og glæsileg úlpa, húfa og peysa úr heillandi Iceland-fatalinu Equisana – frábær í hestamennsku og alla útivist.



Í Búvörum SS er hægt að tylla sér niður yfir molasopa og spjalli á meðan freistandi úrval verslunarinnar er mátað og skoðað. MYNDIR ÚR VERSLUN/ EYFÓR



Norska og vinsæla hundavörumerkið Non-Stop fæst nú í Búvörum SS.



Equisana-snyrtitaski fyrir hesta inniheldur sjö fylgihluti og fæst á 25 prósentu afslætti í dag; á 5.208 krónur í stað 6.944 króna.

Glæsileg opnunartilboð í dag

Búvörur SS verða opnaðar með pompi og prakt klukkan tíu í dag og verður mikið um dyrðir.

„Í tilefni dagsins verðum við með glæsileg opnunartilboð og að sjálfsögðu verður boðið upp á konfekt og kaffi, ásamt smakki á gömsætu jólahangikjöti SS á milli klukkan 11 og 13,“ segir Sigrún, full tilhlökkunar.

„Góðir gestir líta við og aðstoða viðskiptavinum með vöruval; Kolbrúna Arna Sigurðardóttir, fagdyrahjúkrunarfræðingur og dyrasjúkraþjálfari á Dyraspítalanum í Garðabæ, verður á staðnum frá klukkan 14 til 16 og aðstoðar fólk við að finna réttu vörurnar fyrir sinn hund frá Non-Stop, og á milli 11 til 13 kemur Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari í heimsókn til að ræða um föðrun hesta og hestafóðrið hjá okkur. Þá munu allir sem versla í Búvörum SS í dag fara í pott sem dregnir verða úr þeir vinningshafar. Í pottinum er gjafabréf upp á 30 þúsund krónur og tvö önnur upp á 10 þúsund krónur hvert, en hægt að fá helling í Búvörum SS fyrir þann pening,“ segir Sigrún Edda kát.

Búvörur SS eru á Fosshálsi 1, gengið inn Draghálsmegin. Opnið verður í dag frá klukkan 10 til 17. Aðrir opnunartímar eru á virkum dögum frá 9 til 17. Verslunin verður opin laugardaginn 22. desember og á Þorláksmessu. Lokað á aðfangadag. Í vefversluninni búvörur.is er hægt að finna föður, fatnað og fleira á frábæru verði. Sent er um allt land.

Í VEIÐIJÓLAPAKKAN

19
20
98

GERÐU GÓÐ KAUP – GAMLA GENGID ENN Í GILDI

SAGE FLUGUSTANGIIR



SAGE Handarískar
Flugustangiir frá
Alþjóða hjá 44.995 kr.

SAGE FLUGUHJÓL

Hér frá aðeins
18.995 kr.



SAGE FLUGVEIÐISETT



Hér frá aðeins
79.900 kr.

SIMMS VEIÐIVESTI

SIMMS
Froststone
18.995 kr.

SIMMS
Guide™
24.995 kr.

SIMMS
03 Guide™
38.995 kr.

SIMMS HANSKAR OG DERHÚFUR



Hér frá aðeins
3.995 kr.

Hér frá aðeins
2.995 kr.

SIMMS VEIÐI- OG FERÐATÖSKUR



Mikið drótt af vönduðum
veiði- og ferðatöskum
frá vandaðan veiðibúnað.

SIMMS VÖÐLUR OG SKÓR



SIMMS
03 Guide™
89.900 kr.

SIMMS
04 PRO™
189.900 kr.

SIMMS
Froststone
Vöðlar + skór
Hér frá aðeins
58.900 kr.

REDINGTON FLUGVEIÐISETT

Hér frá aðeins
22.900 kr.

SIMMS VÖÐLUJAKKAR



SIMMS
Froststone
44.995 kr.

SIMMS
03 Guide™
Tactical
74.995 kr.

SIMMS
Guide™
59.995 kr.

SIMMS
04 PRO™
84.995 kr.

REDINGTON VÖÐLUPAKKAR



CROSSWATER
YOUTH
Vöðlar + skór
22.995 kr.

CROSSWATER
Vöðlar + skór
24.995 kr.

PALE
Vöðlar + skór
32.995 kr.

WILLOW RIVER
Bimuvöðlar + skór
32.995 kr.

FELUFATNAÐUR



DEERHUNTER Muffin
Háttveiðibúnaður
Frá 29.995 kr.

DEERHUNTER Muffin
Háttveiðijakki
Frá 38.995 kr.

BADLANDS
Calar skátveiðijakki
Hér 24.995 kr.

BADLANDS
Calar skátveiðibuxur
Hér 24.995 kr.

BADLANDS
Háttú sjónavefi
Hér 29.995 kr.

LEUPOLD

SJÓNAUKAR



Mikið drótt, verð
frá 18.995 kr.

SKOTLABELTI
Hér frá 4.995 kr.

REDINGTON
Hringasett
Hér 4.995 kr.

ALLEN
Skotabúnaður
Hér frá 3.995 kr.

MUNIÐ VINSÆLU
GJAFABRÉFIN



VEIÐIHORNIÐ



TRAUST FJÓLSKYLDUFYRIRTEKI FRÁ 1998

SÍÐUMULA 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIÐIHORNIÐ.IS

Sjónarspil

fær fólk til að hlæja

Hjónin Tinna Finnbogadóttir og Bergur Hallgrímsson hafa lengi haft ánægju af því að setjast niður með vinum og fjölskyldu til að spila.

Í langferð um landið byrjuðu þau að upphugsá spil sem hefði ákveðna eiginleika sem hentaði þeirra vínahópi og þeim fjölskyldumeðlimum sem þau spila oftast með. Bergur og Tinna spila gjarnan með nokkrum öðrum þórum og vildu því búa til spil sem hentar stærra hópum. Þau sjálf hafa gaman af því að úthuga leiki og þrautir en vildu prófa að búa til spil sem fengi fólk til að tala saman frekar en að veltast um í heilabrotum. Og til þess þurfti spilið að vera fljótlegt að læra og auðspilad. Afkrstur þessarar hugmyndavinnu er nýtt, íslenskt, frumsamið spil sem heitir Sjónarspil.

„Þetta er búið að vera langt ferli en hefur gengið ótrúlega vel,“ segir

Bergur. „Við hönnuðum þetta allt frá grunni, prófuðum prufugerðir á okkar nánustu mörgum sinnum og réðumst svo í framleiðsluna sem var að hluta til fjármögnuð með hópfrármögnun á Karólína Fund sem gekk algerlega vonum fram. Það sem hefur svo verið frábært er að sjá hversu góðar viðtökur spilið hefur fengið og að fólk skemmtir sér í raun og veru við spilamennskuna eins vel og við höfðum vonast til.“

Sjónarspil gengur út á að lýsa meðspilurum sínum með orðum úr spilabankanum og það á að leiða í ljós hvernig þeir sem spila koma öðrum fyrir sjónir – en það er það sem heiti spilsins vísar til. „Það er eiginlega langskemmtilegast að sjá þegar foreldrar eða makar verða steinhissa á því hvernig börnin eða betri helmingurinn koma öðrum fyrir sjónir. Það að einhver sé snyrtipinni er til dæmis oft mjög umdeilt! Lýsingaröðin eru flest á jákvæðum nótum í þessu spili en við útbjuggum líka aukapakka sem er merktur 18+ þar sem fyrir koma aðeins tví-ræðari orð,“ segir Bergur. „Spilið sjálft er merkt fjórtán ára og eldri en við höfum heyrt af foreldrum sem hafa spilað þetta með yngri börnunum. Spilið eykur orðaförða hjá börnunum, og satt best að segja fullorðnum líka. Því áður en leikurinn byrjar er hægt að fara yfir og útskýra orð sem spilarar þekkja ekki.“

Þau hjónin byrjuðu framleiðslu-



Tinna og Bergur með Sjónarspil sem þau hönnuðu frá grunni. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Sjónarspil kemur öllum í gott skap yfir jólin.

ferlið timanlega svo að spilið gæti verið komið í verslanir fyrir jól. „Í okkar fjölskyldum, eins og eflaust svo mörgum á Íslandi, eru spil og samverustundir þeim tengdar algjörlega samofnar jólahátíðinni. Spil eru iðulega gefin sem jólagjafir í okkar fjölskyldum og möndlugjöfin er alltaf spil. Fridagarnir eru svo nýttir til þess að prófa ný spil eða rífa upp gömul og góð. Það finnst flestum gaman að spila, svo gaman að það er alveg hægt að lita upp frá skjánum í smástund,“ segir Bergur kiminn.

Spilið fæst í öllum helstu verslunum landsins. Hægt er að fræðast nánar um það á Facebook undir Sjónarspilið. Kynning verður í Spilavínum og A4 í Kringlunni í dag og í A4 í Smáralind á morgun.

Deila bestu uppskriftunum

Systurnar Elísabet og Ragnheiður Stefánsdætur eru ástríðukokkar og fóru nýverið að deila uppáhaldsuppskriftum með áhugasömum, uppskrift að lakkrisís og ómótstæðilegum Sörum.

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is



Systurnar Elísabet og Ragnheiður Stefánsdætur, sem báðar eru sjúkrahjálparar að mennt og búsettar á Akranesi, þykja færar í eldhúsinu og eru oft og iðulega beðnar um uppskrift að því sem þær gera. Þær hafa verið með matarsnappið Matarlyst um tíma þar sem þær leyfa systækkandi hópi fólks að fylgjast með störfum sínum í eldhúsinu. Fyrir nokkrum mánuðum opnuðu þær samnefnda Facebook-síðu þar sem uppskriftirnar fá að lifa og hægt er að fletta þeim upp.

„Við höfum frá unga aldri fengið að baka og njóta okkar í eldhúsinu. Við fáum yfirleitt mikið lof fyrir það sem við bjóðum upp á og ákváðum að opna uppskriftabækurnar okkar fyrir áhugasömum og deila okkar uppáhaldsréttum. Því hefur verið vel tekið og alltaf fleiri sem fylgjast með,“ segir Elísabet.

Nú fyrir jólin eru systurnar edli málsins samkvæmt á kafi í jólabakstri og fyllust á að deila tveimur vinsælum uppskriftum með lesendum. Annars vegar uppskrift að lakkrisís með Ópal-skoti og fylltum lakkrisreimum sem Ragnheiður setti saman og kallar jólaisinn í ár og Sörum sem þær segja þær allra bestu.



Elísabet og Ragnheiður njóta sín best í eldhúsinu.

Jólaisinn í ár

6 eggjarauður
200 g sykur
70 ml Ópal skot með pipar, þessi brúni
½ l rjómi léttþeyttur
200 g fylltar lakkrisreimar skornar smátt niður

Léttþeytið rjómann, leggið til hliðar. Eggjarauður og sykur þeytt þar til létt og ljóst. Bætið Ópalaskoti út í. Latið vélna ganga á lægsta hraða í ca. ½ - 1 mín. Blandið rjómannum varlega út í eggjablönduna með sleikju í smáum skömmtum. Að síðustu eru smátt skornar lakkrisreimar settar út í. Ísinn er settur í skál eða annað ílát og frýstur. Hann er svo skreyttur með lakkrisreimum.

Sörur... þær allra bestu

Botn
8 eggjahvítur
4 dl flórasykur
300 g hakkaðar möndlur
½ tsk. lyftiduft

Stífþeytið hviturnar ásamt flórasykri. Bætið lyftidufti út í ásamt möndlunum og hrærið ofurvarlega með sleikju. Klæðið bökunarploturnar með bökunarpappir. Notið 2 teskeiðar og búið til litlar kökur. Gott að miða við að hver sé 1 tsk. og að hafa gott bil á milli. Bakkið við 175°C í 12 til 15 mín. Takið út úr ofninum og kælið vel. Takið svo kökurnar af með spaða þegar þær eru orðnar kaldar.

Krem
250 g sykur
2 dl vatn
8 eggjarauður
500 g lint smjör
4 msk. Nesquik
3 msk. bökunarkakó

Setjið vatn og sykur í pott og sjóðið vel saman eða þar til verður að sirópi. Þetta þarf að sjóða í að minnsta kosti 15 mín. þar til þykkt. Á meðan eru eggjarauðurnar þeyttar vel. Hellið svo sirópinu í mjörri bunn út í eggjarauðurnar og þeytið vel þar til blandan kólnar. Þá er smjórið skorið í kubba og blandað varlega út í hrærivélarskál með eggjablöndunni. Þegar allt smjórið er komið



Systurnar fullyrða að þessar Sörur séu þær bestu. Ótrúlega fallegar kökur.

saman við skal blanda Nesquik og kakó út í og þeyta áfram. Athugið að það tekur tíma að þeyta þetta krem vel saman. Þá tekur við handavinna við að smyrja kremi með borðhníf á eina kóku í einu. Gott er að raða þeim

í eldfast mót eða djúpan bakka og frysta. Loks eru 400 grömm af suðusúkkulaði brædd yfir vatnsbaði og frosnu kreminu dyft ofan í. Kökunum er raðað aftur í sama form og þær frýstar þar til á að bera þær fram.

JÓLATILBOÐ

TIMEOUT STÓLL + SKEMILL
LEÐURKLÆDDUR

TILBOÐSVERÐ FRÁ KR. 268.560

FULLT VERÐ FRÁ KR. 335.700



CONFORM®



Lex borðstofustólar
kr. 19.900



Orbital kr. 16.400




Dim Glervasar kr. 6.300 - 8.200



Yumi matborð Ø 115 cm
kr. 69.800



Kate sófi
kr. 179.600
Marvel motta
170x240 kr. 61.200



Tray Bakkar
kr. 4.980 / 5.980



Púðar af öllum
stærðum og gerðum..



Nordic Luktir kr. 9.600 / 7.600



Tripod gólfamapi kr. 37.900

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS [f](#) / linanehf [t](#) / linan.is
Opíð mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

Spennandi að vera á Íslandi

Eftir sex ára dvöl í New York og London sneri Signý Þórhallsdóttir fatahönnuður heim til Íslands. Hún hannar vandaða fylgihluti og kvenfatnað undir vörumerkinu Morra.

Starri Freyr
Jónsson
starri@frettabladid.is



Eftir rúmlega sex ára dvöl í New York og London flutti fatahönnuðurinn Signý Þórhallsdóttir heim til Íslands fyrr á þessu ári. Hún hefur nú stofnað vörumerkið Morra en með því er ætlun hennar að hanna vandaða fylgihluti og kvenfatnað með vísanir í alþjóðlega mynd- og nýtjalis- tál og stúderaði jurtir, pressaði þær og vann upp úr þeim skissur og blekteikningar sem skeytt var saman í blómasveiga. Mig langaði að búa til myndmál í prenti sem sækir innblástur í nærumhverfið og hefðina. Ég fékk nýlega styrk úr Hönnunarsjóði til að koma slæðunum mínum á framfæri svo það, ásamt því að þróa Morra enn frekar, er helst á döfnni hjá mér núna. Meðfram því er ég líka að kenna í Listaháskólanum og sinna öðrum verkefnum."

Merkið mun leggja áherslu á vandaða fylgihluti og kvenfatnað sem sækir meðal annars innblástur í staðbundin einkenni eins og íslenska náttúru og handverkshefð.

Spennandi verkefni

Signý útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskólanum árið 2011 og flutti út stuttu seinna til að fá reynslu í faginu. Fyrst var förinni heitið til New York þar sem hún var í starfsnámi í þrjú mánuði og næst flutti hún til London. „Ég fór upprunalega til London í starfsnámi á Erasmus-styrk. Upphaflega ætlaði ég að staldra stutt við en ílengdist svo, eins og gengur. Fyrst starfaði ég hjá Zöndru Rhodes og fór næst til Eley Kishimoto en bæði merkin vinna miknið með prent. Þar óx áhugi minn á prenti fyrir fatnað og ég hellti mér út í það. Ég hóf til dæmis að selja mín eigin munstur í hjáverkum og fékk svo vinnu hjá prentstúdíó sem



„Þessa stundina er ég að klára silkislæður með blómamynstrum sem unnin eru upp úr jurtum í íslenskrí náttúru,“ segir Signý Þórhallsdóttir fatahönnuður sem setti Morra á fót fyrr á þessu ári. MYND: EYVÖR

Camerarctica
Mozart við kertaljós
Mozart by candlelight
Kammertónlist á aðventu 2018

Hafnarfjardarkirkju miðvikudag 19. des. kl. 21.00
Kópavogskirkju fimmtudag 20. des. kl. 21.00
Gardakirkju föstudag 21. des. kl. 21.00
Domkirkjunni í Reykjavík laugardag 22. des. kl. 21.00

Midasala við innganginn og á tix.is - Miðaverð kr. 3.000/2.000

Styrkt af Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborg, Hafnarfjardarbæ, Kópavogsbæ og Gardabæ



Slæðurnar koma í mismunandi lit, stærð og prenti.

Fyrsta lina Signýjar samanstandur af þremur klútum með prentum sem unnin eru úr blekteikningum hennar af plöntum úr íslenskrí sumri. MYNDIR: VALDÍS THOR

heitir Owens and Kim. Þar vann ég við að rannsaka „trend“ og útbúa prent sem seld voru til markaðsdrifinna fatakeðja.“

Síðar hóf hún störf hjá hönnuðinum heimspekkta Vivienne Westwood og vann þar í þrjú ár. „Starf mitt þar gekk út á að hanna kvenföt og prent fyrir Japansmarkað. Westwood er mjög vinsælt merki í Japan og ég og samstarfskona unnum að tveimur fatalinum árlega sem voru einungis seldar í verslunum þar í landi. Það var mjög liflegur og skemmtilegur tími en auðvitað krefjandi líka.“

Miklar hræringar

Þótt hún hafi ekki starfað lengi hér á landi segir hún kosti og galla fylgja því að starfa bæði hér á landi og í erlendum stórborgum á borð við London og New York. „Mér hefur fundist mjög lærdómsríkt að vinna í London sem er algjör suðupottur þegar kemur að tisku. Sagan og menningin er svo rík og þar er mikil gróska núna. Í London eru auðvitað margir áhrifamiklir hönnuðir sem hafa áhrif á tiskuna á heimsvísu og svo eru líka mjög stór og öflug markaðsdrifin „high street“ fyrirtæki þannig að breiddin í greininni þar er mikil og margt hægt að læra af því.“ Tiskuiðnaðurinn í Bretlandi



Slæðurnar eru úr silkí, myndskreyttar með blómsveigum.

spilar stóran þátt í breska hagkerfinu og veltir gifurlegum fjárhæðum á meðan tiskugeirinn á Íslandi er enn þá að mótast og framleiðsla litil, segir Signý. „Aftur á móti er það áhugavert við Ísland að hér er ekki búið að fullmóta leikreglurnar og því ákveðið rými til að skapa eitthvað nýtt frá grunni. Það eru hræringar í tiskueheiminum úti og fyrirtæki eru smátt og smátt að breyta um áherslur. Mörg fyrirtæki eru til dæmis að reyna að verða umhverfisvænni, nota fjölbreyttari fyrirsætur og taka sig ekki af hátiðlega, en iðnaðurinn er svo stór og þungur að hann virðist í heildina eiga erfitt með að laga sig að nýjum tímum. Að því leyfti er spennandi að vera á Íslandi þar sem hlutirnir eru ekki eins niðurmjörvaðir. Við höfum öll tækifæri til að finna upp á nýjum hugmyndum sem falla betur að framtíðinni, hvað bæði framleiðslu og hönnunina sjálfa varðar.“

Hægt er að kynna sér vörur Morra á Instagram (morra_reykjavik) og www.morra.is.

patagonia

Frábært úrval af Patagonia vörum fyrir dömur og herra



Nano Puff Jacket Dömu/ Herra
27.990 kr.



Down Sweater Hoody Herra/Dömu
34.990 kr.



Micro Puff Hoody Dömu/ Herra
35.990 kr.



Nano Air Hoody Herra/Dömu
32.990 kr.



Triolet Jacket Herra/Dömu
55.990 kr.



Bivy Down Jacket Herra
35.990 kr.



Houdini Jacket vatnsheldur Dömu
13.990 kr.



Houdini Jacket vatnsheldur Herra
13.990 kr.



Better Sweater Herra
15.990 kr.



Pastel P-6 stuttermá Dömu
4.590 kr.



P-6 Logo stutterm / Herra
4.590 kr.



P-6 Uprisal Hoody Herra
13.990 kr.



Torrentshell
Pants Dömu/Herra
14.990 kr.



Derhúfa
4.590 kr.



Húfa
4.990 kr.



Eyrnabönd
4.590 kr.

Jóla-opnunartími:
virka daga 10.00 til 18.00,
laugardag og sunnudag 11.00 til 18.00
Föstud. 21. des. 10.00 til 19.00
mánud. 24. des 10.00 til 12.00

GG-sport



Finndu okkur á Facebook

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Pú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

Flottar peysur

Verð 7.900 kr.
- 2 litir: gyllt og silfur

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið í dag kl. 11 - 16 og á morgun sunnudag

Klíkið á myndir og verð á Facebook



Margrét vinnur kertastjaka og jólatré úr íslenskum við á borð við reyni, birki og greni. MYND/ANTON BRINK

Jólatré sem lifa allt árið

Margrét Guðnadóttir hannar fallega kertastjaka og jólatré úr íslenskum við. Hún er annar stofnenda Kirsuberjatrésins sem heldur upp á tuttugu og fimm ára afmæli á árinu.

Sólveig
Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



„Við erum ellefu listakonur sem stöndum að Kirsuberjatrénu.“

Við erum afskaplega stoltar af því að hafa þraukað í gegnum súrt og sætt í þessi 25 ár,“ segir Margrét en hún stofnaði verslunina Kirsuberjatréd ásamt fleirum í hjarta Reykjavíkur árið 1993. „Við erum ellefu listakonur sem stöndum að Kirsuberjatrénu í dag og rekum það saman í skemmtilegum og góðum hópi.“ Timarnir hafa verið miserfiðir en um tíma spáðu sumir að verslun í miðbænum væri dauðadæmd. „Ég held að engin verslun í okkar anda hafi lifað jafn lengi,“ segir Margrét sem telur ferðamennina hafa bjargað Kirsuberjatrénu. „Það varð mikil innspýting þegar þeir fóru að koma.“

Margrét segir ferðamenn ákafliga hrifna af búðinni og tala oft um að það sé eins og að koma inn á listasafn. „Mörgum þykir mikið til koma að við listakonurnar sjálfar afgreiðum í versluninni.“ Margrét sjálf er textillistakona í grunninn. Lærði í Bandaríkjunum á sínum


tíma og varð nokkuð þekkt hér á landi fyrir spiladósir og lampa sem hún bjó til úr tágum. Undanfarið hefur hún þó verið uppteknari af tré sem efnivið, sér í lagi íslenskum við. „Þetta byrjaði á því að ég lærði að renna og bjó til lampa fyrir HönnunarMars fyrir tveimur árum en síðan hefur þetta þróast yfir í spiladósir og nú kertastjaka. Ég hafði alltaf verið veik fyrir kerta-stjúkum og loks fann ég efni sem passaði í það verkefni.“

Margrét rennir einnig falleg tré sem fyrst voru hugsuð til að búa til fallega stemningu en hafa verið afar vinsæl ein og sér. Hún útbjó einnig fyrir jólin aðventukrans úr stjúkunum og trjánnum sem er einstaklega hátíðlegur. „Annars eru trén ekkert endilega ætluð sem jólaskraut og þarf því ekkert að taka þau niður með öðru jólaskrauti.“

Hvert tré er einstakt og ræðst af því hvernig viðurinn í því er. Margrét segir einstaklega skemmtilegt að vinna með íslenskan við. „Svo er alger plús að þetta er mjög umhverfisvænt og vistvænt með örstutt kolefnisspor.“



Gríska gæðamerkið
MINERVA
Bolir, leggings, samfellur, toppar, buxur og margt fleira



Kynnið ykkur
glæsilegt úrval á:

doris.is

GLAMOUR

Komið í
allar helstu
verslanir

Íslenskt
tiskutímarit





Mackintosh
1,2 kg

1.198 kr.

Toblerone
200 g

378 kr.



Nóa konfekt
440 g

3.498 kr.

Freyja
bestu molanir

698 kr.



Egils
appelsín

130 kr.

Egils
malt

182 kr.

JÓLIN ERU KOMIN



Green giant
aspas

566 kr.



Green Giant
maískorn

168 kr.



Kjörís
ísterta

2.698 kr.

Emmess
ísterta

1.158 kr.



Myllan
jólaterta

638 kr.



Del Monte
perur

398 kr.



Del Monte
blandaðir ávextir

438 kr.



Coca Cola
6x0.25 l

696 kr.



Toro
piparsósa

168 kr.

Toro
rauðvínssósa

208 kr.

FK

FJARÐARKAUP

EINSTÖK VERSLUN

Árs afmæli hjá Apríl skóm

Skóverslunin Apríl skór í Garðabæ hefur fest sig í sessi sem ein glæsilegasta skóverslun landsins. Verslunin heldur upp á afmælið næsta þriðjudag með því að bjóða 20% afslátt af öllum vörum.

Apríl skór er falleg skóverslun á Garðatorgi 4 í Garðabæ sem selur dömuskó og fylgihluti. Tinna Rún Davíðsdóttir á og rekur verslunina, en hún er 31 árs og fædd og uppalin í Garðabæ.

„Ég hef unnið í skóbransanum í 14 ár og var lengi innkaupstjóri fyrir skóverslanir hér á landi,“ segir Tinna. „Núna er ég að klára BAnám í textilhönnun í Bretlandi og útskrifast næsta vor.“

Við leggjum mikið upp úr góðu viðmóti og persónulegri þjónustu,“ segir Tinna. „Við höfum fengið gríðarlega góðar viðtökur í Garðabænum og erum mjög þakklát fyrir.“

Öll merkin okkar eru vandlega valin og það hefur bæst við merkin hjá okkur, sem eru nú orðin ný talsins,“ segir Tinna. „Par má helst nefna sænska merkið Ten Points, sem hefur vakið mikla lukku, ástralska merkið Senso, sem er ótrúlega flott, og Free People, sem er með aðeins öðruvísi skó en við erum von að sjá.“

Verslunin verður eins árs í næstu viku en hefur nú þegar fest sig í sessi sem ein glæsilegasta skóverslun landsins,“ segir Tinna. „Við ætlum að halda upp á afmælið



Tinna Rún á og rekur verslunina Apríl skór á Garðatorgi 4, en hún er 31 árs gamall Garðabæingur með 14 ára reynslu af skóbransanum. MYNDIR/EYÐÖR

næsta þriðjudag, þann 18. desember, og bjóða upp á 20% afslátt af öllum vörum þann daginn af því tillefni.

Við erum einnig með vefverslun á slóðinni www.aprilskor.is, þar sem hægt er að lesa um skóna og merkin í rölegheitunum,“ segir Tinna. „Við bjóðum upp á fría heimsendingu á öllum pöntunum yfir 10.000 krónum.“



18. desember verður boðið upp á 20% afslátt af öllum vörum.



Í Apríl skóm eru seldir fallegir dömuskór og fylgihlutir og mikið er lagt upp úr góðu viðmóti og persónulegri þjónustu.

Öll merkin okkar eru vandlega valin, en þau eru nú orðin ný talsins.

Jólahjón boða hátíð í bæ

Jólahjónin Bjartur Logi Guðnason og Jóhanna Ósk Valsdóttir og Örvar Már Kristinsson og Þóra Björnsdóttir bjóða til jólatónleika í Hafnarfjarðarkirkju í dag áttunda árið í röð. Ókeypis aðgangur.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Ég man hreinlega ekki hvernig hugmyndin vaknaði en árið 2011 þegar við höldum fyrstu tónleikana vorum við öll saman í Barbörurórnunum í Hafnarfjarðarkirkju og líklega höfum við bara verið svona þyrst í að syngja fleiri jólalög,“ segir Jóhanna sem er söngvari líkt og Þóra og Örvar en maður Jóhónnu, Bjartur Logi, er organisti og pianóleikari.

Strax í upphafi var ákveðið að hafa ókeypis aðgang að tónleikunum. „Maður veit að ekki allir hafa efni á að fara á jólatónleika og við litum á þetta sem okkar framlag. Kirkjan styrkir okkur síðan með því að við þurfum ekki að borga leigu.“

Góð jólastund

Á þessum áttundu tónleikum jólahjónanna verður bæði spilað og sprellað. Dagskráin er ætluð öllum, bæði fullorðnum og ekki síður börnum. „Ég á til dæmis níu ára systurdóttur sem á að vera á skautasýningu á laugardaginn



Það er alltaf líf og fjör á jólatónleikunum Hátíð í bæ í Hafnarfjarðarkirkju. Þeir fara fram í dag klukkan 17 og er aðgangur ókeypis. Tónleikarnir eru fyrir löngu orðnir ómissandi hluti af aðventunni fyrir marga. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Jólin snúast svo mikið um hefðir og fólk vill aðallega heyra lög sem það þekkir. Við virðum það en setjum lögin stundum í nýja búninga.

svo gerum við alltaf eitthvað nýtt,“ segir Jóhanna. Annað veiðifó hafa leynigestir skotið upp kollinum og þannig verður það í ár. „Við reyndar auglýsum alltaf hver er leynigestur og í ár er það Hallur Guðmundsson vinur okkar og bassaleikari. Hann mun spila með okkur og sprella dálítið eins og honum er einum lagið.“

Tónleikarnir bera heitið Hátíð í bæ og eru löngu orðnir ómissandi hluti af aðventunni fyrir marga, ekki síst söngvarana sjálfa. „Þetta er orðið hluti af okkar jólahæfð og ég veit ekki hvað við myndum gera ef við hættum þessu einn daginn. Líklega myndum við bara samt hittast til að æfa,“ segir Jóhanna glaðlega og bætir við að desember sé skipt upp í tvö tímabil hjá höpnum. Fyrir og eftir tónleika. „Þegar þeir eru yfirstaðirnir getum við loks einbeitt okkur að öllu hinu sem þarf að gera fyrir jólin. Og það hefur alltaf reddast.“

Tónleikarnir hefjast í dag, laugardag, klukkan 17 í Hafnarfjarðarkirkju. Jólahjónin munu einnig vera með tónleika á Hrafnistu í Hafnarfirði 17. desember klukkan 13.30, Sólvangi þann 18. klukkan 14.30 og í Drafnarhúsinu 20. desember klukkan 11.

Loðfóðraðir leðurskór með mannbroddum sem er smellt fram. Dömskór 36-41 Herraskór 41-46 Verð 19.995 kr.



SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði s. 555 4420

Tilvalið í jólapakkann

meðan tónleikarnir eru og hún harðneitar að mæta því hún ætlar alls ekki að missa af þessum tónleikum,“ segir Jóhanna glettin. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir. „Okkur þótti það passlegt enda eru allir svo uppteknir á þessum tíma.“

Í nýjum búningi

Klassísk jólalög verða í fyrirrími á tónleikunum. „Jólin snúast svo mikið um hefðir og fólk vill aðallega heyra lög sem það þekkir. Við virðum það en setjum lögin stundum í nýja búninga. Sumt endurnýtum við frá fyrri árum en

Leitinni er lokið



Hjá okkur færðu hina fullkomnu jólagjöf í ár "Supreme Hollywood meðferðarpakka" sem gefur æskuljóma og ferskleika. Þessi kröftuga og árangursríka langtíma meðferð á andliti er 100% náttúruleg sem Hollywood stjórnurnar velja sem fyrsta kost.

Þessi vinsæli "Supreme Hollywood meðferðapakki", er á jólatilboði með 120 þús.króna afslætti til 21.des.

Himnesk jólagjöf sem gefur raunhæfan kost á að eldast með reisin



Háræðaslitsmeðferðir

ANDLIT – HÁLS – BRINGA



Að eldast með reisin er ósk okkar flestra

Við sérhæfum okkur í að fjarlægja háráðaslit, háráðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða. Yfirleitt þarf 3 meðferðir til að fjarlægja háráðaslit endanlega.

**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur
Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**



Hinn vinsæli hrukkubani frá Dermalactives er loksins kominn aftur.



Einnig er liftandi og stinnandi húðmeðferðar pakkinn frá Dermalactives kominn.



Tilvalið í jólapakkánn



Snyrtistofan Hafblík

Styrktartónleikar í Vídalínskirkju

Gospelkór Jóns Vídalíns ásamt Vídalínskirkju verður með jóla- og styrktartónleika í Vídalínskirkju annað kvöld kl. 20. Miðaverð er 2.000 kr. og rennur allur aðgangseyrir óskiptur til Minningarsjóðsins Arnarins. Frítt er inn fyrir börn 12 ára og yngri. Gospelkórinn mun flytja blanda af gömlu og nýju efni í glæsilegum útsetningum og halda uppi fjörinu ásamt hljómsveit undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar líkt og þeim einum er lagið.

Markmiðið minningarsjóðsins er að auka tækifæri barna og unglinga til úrvinnslu eftir missi ástvinar. Farið er í samarbúðir eina helgi á ári og svo eru fjórar samverur yfir vetrartímann í safnaðarheimili Vídalínskirkju.



Á aðventunni er fátt skemmtilegra en að velja jólatré úti í skógi.

Jólaskógur í Smalaholti

Jólaskógur verður í Smalaholti í Garðabæ í dag, laugardaginn 15. desember, frá kl. 12-16 á vegum Skógræktarfélagis Garðabæjar. Aðkoma að svæðinu er frá Elliðaavatsnsvegi. Fólki gefst hér kjörið tækifæri til að velja sér draumajólatréð í skóginum og fella sjálft í fögru umhverfi. Hægt er að velja um bæði fallegar furur og glæsilegt greni. Á sama stað verður til sölu tröpputré og eldiviður. Boðið verður upp á kakó og piparkökur. Skógræktarfélagið í Garðabæ var stofnað árið 1988 og þrött fyrir ungan aldur hefur félagsstarfið alla tíð verið öflugt, enda um að ræða félag fyrir alla fjölskylduna, með yfir þrjú hundruð félaga.

Aftansöngur á Bessastöðum

Mörgum þykja engin jól án þess að fara í kirkju og taka þátt í aftansöng á aðfangadag. Það er áhrifarík helgistund og er örugglega einkar hátíðlegt að taka á móti jölnum í Bessastaðakirkju sem stendur í tünfæti seturs forseta lýðveldisins.

Bessastaðir eru fornt kirkjuból. Þar hefur staðið kirkja frá því um aldamótin 1200 svo víst sé, en jafnvel allt frá kristnitöku árið 1000. Steinkirkjan sem nú stendur á Bessastöðum var byggð utan um eldri timburkirkju sem síðan var rifin. Bygging hennar hófst árið 1773 en hún var fullbyggð árið 1823, eftir hálfu öld í byggingu. Kirkjan var reist úr grjóti sem tekið var úr Gálgahrauni og var hún vígð árið 1796.

Aftansöngur í Bessastaðakirkju hefst klukkan 17 á aðfangadag og hátíðarguðþjónusta verður haldin á jöladag klukkan 14.

Markmið samarbúðanna er:

1. Skapa vettvang fyrir börn og unglinga að koma og segja sögu sína í öruggu umhverfi.
2. Vettvangur fyrir börn og unglinga til að hitta önnur ungmenni sem eru í sömu sporum.
3. Staður þar sem unga fólkíð lærir að búa til verkfæri til að takast á við daglegt líf.
4. Staður þar sem má líka hafa gaman saman.
5. Staður til að hjálpa unga fólkinu að nálgast sorgina á heilbrigðan máta.
6. Staður þar sem unga fólkíð lærir að það er ekki eitt.
7. Staður þar sem þau fá tækifæri til að heiðra minningu látinna ástvina sinna.



Vídalínskirkja í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hafnarborg

Í Hafnarborg stendur nú yfir sýningin **SNIP SNAP SNUBBUR** með nýjum verkum eftir Guðmund Thoroddsen.

Einnig eru Kærleikskúlan og Jóláóróinn 2018 fánleg í safnbúð okkar til 19. Desember.



Menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar

Opið fram að jólum alla daga nema þriðjudaga kl. 12–17.

Tökum vel á móti ykkur á aðventunni.

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður

www.hafnarborg.is





Viltu veðja 2

Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Ef þú vilt bera sigur úr bítum þarftu að standast ýmsar skemmtilegar áskoranir og veðja á hvernig aðrir spilarar standi sig.

JÓLASPILIN FÁST HJÁ OKKUR!



Mitt fyrsta Alias

Borðspil fyrir alla fjölskylduna

Býður yngstu spilurinum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan!

nettó



Elsa og Björn við verkfærevagginn og myndina sem hefur fylgt þeim í öllum þeirra stúdíum. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Skreyttu Evrópu út frá íslensku lettri

Listamennirnir **Björn Loki** og **Elsa Jónsdóttir** vissu ekki að þau myndu enda í tveggja mánaða dvöl í Úkraínu þegar þau keyrðu húsbilinn úr hlaði fyrr á árinu. Yfir fimm mánaða tímabil máluðu þau leið sína í gegnum Evrópu en dvölin hófst í snjóhríð á Siglufirði.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



núttímalegar útgáfur af lettrinu, með okkar tvísti.“



Vegglistin blómstrar í Úkraínu
Í sumar ferðuðust Björn og Elsa um á húsbil og máluðu veggverk í fimm Evrópulöndum, að Íslandi meðtöldu. Það landanna sem mest er í umræðunni nú er Úkraína, þar stoppuðu þau í tvo mánuði og máluðu þrjú höfðaleturs-veggverk, tvö í Lviv, sem Björn kallar Kúbu austursins, og eitt stærsta veggverk sem þau hafa gert, í höfuðborginni Kiev. Hvernig hófst það ævintýri?

„Við höfðum samband við Oleg Sosnov sem vinnur að því að útvega vegglistaverk í Kiev, er tengiliður milli listafólks og borgaryfirvalda. Þar eru ráðamenn opnir fyrir að breyta hinu gamla sovéskra útliti og gera eitthvað nýtt og spennandi. Tónlistarsenan er blómstrand og vegglistin líka,“ segir Björn.

Þau Björn Loki og Elsa Jónsdóttir kalla sig Krot og Krass og eru nýbúin að opna stúdíó í gömlu húsi við Laugaveg. Þegar ég mæti sitja þau hvort sínum megin við upphækkað borð og teikna, Elsa á blað, Björn í tölvu. Segjast samt mála mest stór verk, beint á vegg. „Við gerum einhverjar skissur fyrst,“ segir Björn. „Já, erum með grunnhugmyndir,“ segir Elsa. „En finnum oftast vegginn fyrst. Svo þælum við í hvað við eigum að setja á hann.“

Þau eru sem sagt vegglistamenn. Eftir að hafa lært grafíska hönnun í Listaháskólanum beindist áhugi beggja að leturhönnun og þau byrjuðu að vinna saman þess vegna. „Það eru ekki margir í þessu fagi, enda er það mjög tímafrekt. Það er mest fyrir nórdá sem gleyma sér í smáatriðum formfræðinnar. Við höfum gaman af því,“ segir Elsa. Hún upplýsir að þau hafi unnið saman í fimm ár og verið kærstúpar um helminginn af tímanum. „Fint að prófa að vinna saman fyrst!“ Björn segir þau undanfarið hafa þælt mikið í íslenska höfðalettrinu. „Margar af okkar skissum eru út frá höfðalettri og íslenskum útskurði. Við höfum verið að gera

Elsa segir þó eima eftir af fortíðinni í hugum íbúanna. „Við máluðum vegg á skólabyggingu í íbúðaverfi, þar sem tugþúsundir búa í stórum blokkum. Umferð gangandi fólks fram hjá okkur var stöðug allan daginn í tvar vikur en einungis fjórar eða fimm manneskjur yrtu á okkur og spurðu út í hvað við værum að gera. Ef börn stoppuðu þá drógu foreldrarir þau umsvifalaust í burtu. Þetta var sérstakt því á Íslandi – og nánast hvar sem við höfum verið að mála, er fólk sífellt að stoppa og velta fyrir sér á

**ÞAR VAR SKOTGAT Á
EINUM SKÓLA OG VEGG-
LISTAMADUR MÁLAÐI
INN Í ÞAD SÁR.**



Annað tveggja verka sem parið vann í úkraínsku borginni Lviv.

hvers vegum við séum, hvaðan við komum og hvað við séum að bardúsa. En í þessu hverfi var allt annað uppi á svæði þar sem börn eru, með því að planta málverki eða einhverjum skritnum hlut inn í umhverfið og fá þau til að hugsa út fyrir boxið. Hann fékk okkur til að kynna verkíð fyrir krökkunum í skólanum. Þeim fannst líka áhugavert að við værum á húsbil. „Af hverju viljið þið búa í

bil, þegar þið hafið efni á að fljúga?“ spurðu þau. Oleg sagði okkur að einungis 2-5% þjóðarinnar flygju til annarra landa. Það telst alger lúxus.“

Þau Elsa og Björn fundu þó fyrir gerjun í listalífinu í Kiev. „Fólkið sem er á okkar aldri er fyrsta kynslóðin sem elst upp utan Sovétríkjanna. Það er að byggja upp nýja listasenu en hefur í raun engar fyrirmyndir því lítið var um frjálsa sköpun á sovétímanum svo það er í raun 40-50 ára gat í listasögunni og unga fólkið getur ekki farið í gallerí til að skoða grafíkverk frá þessum tíma. En nú eru komnir goóir listaháskólar,“ lýsir Björn.

Þó fréttir berist af stríðsátökum í Úkraínu urðu Björn og Elsa ekki vör við þau. „Í Kiev er ekki borgarastyrjöld og áhrif stríðsins minni en maður hélt fyrst,“ segir Elsa. „En Oleg sagði vegglistafolk heyrta skothljóð í borgum nærri landamærunum, þar sem herinn er grár fyrir járnnum, þó þar búi líka fólk sem

reynir að lifa sínu venjubundna lífi. Þar var skotgat á einum skóla og vegglistamaður málaði inn í það sár. Við bjuggumst samt við meiri upplausn í landinu og að stríðið væri á allra vörum. Það er ekki þannig.“


Björn tekur undir það. „Stríðið er meira í umræðu út á við. Kannski er það rússneskum öfgamönnum í hag að koma óorði á Úkraínu, þannig að hún eigi erfðara með að tengja sig við Evrópu. Það er talað um þetta sem fréttastafríð.“ Hann segir það þó hafa tekið þau Elsu hátt í tíu tíma að komast yfir landamærin til Úkraínu frá Póllandi.

Spiluðu af fingrum fram

Ferðin hófst í Reykjavík í maí. „Við keyrðum fyrst hálfan hring um Ísland því við tókum ferjuna frá Seyðisfirði. Máluðum einn vegg á Siglufirði í snjókomu og ætluðum að mála á fleiri stöðum en gátum það ekki vegna veðurs. Flygur fiski-sagan, heitir verkið á Siglufirði,“

nettó

Bókaðu tíma fyrir gleðina



Stúlkan hjá brúnni
4.479 kr.



Sextíu kíló af sólskini
4.549 kr.



Siggi sitróna
3.249 kr.



Fíásól gefst aldrei upp
3.249 kr.



Flóra Íslands
11.049 kr.




Þitt eigið tímaferðalag
3.249 kr.



Vísindabók Villa - Truflaðar tilraunir
3.704 kr.



Sjúklega súr saga
3.148 kr.



Beint í ofninn - Heimilismatur og hugmyndir
3.299 kr.

Tilboðin gilda 15. - 16. desember

➔ segir Björn. „Já, á Íslandi vinnum við alltaf með þema eða orðtök sem tengjast staðnum,“ útskýrir Elsa.

Þau tóku land í Danmörku. „Í Árósum máluðum við vegg hjá gamalli lestarstöð. Þar rétt hjá lét borgin setja upp nokkra gáma fyrir fólk í sprotastarfsemi sem vildi búa ódyrt og koma undir sig fótunum. Þetta átti bara að vera mánaðarverkefni, þar til byggð yrði verslunarmiðstöð á staðnum, en síðan eru liðin níu ár og hverfið orðið allstórt. Það heitir Godsbanen,“ lýsir Elsa. „A meðan fólk er að vinna að verkefninu og það er að ganga upp getur það leigt ódyrt. Svo er því skipt út.“ „Já,“ segir Björn. „Godsbanen er orðinn miðpunktur Árósa. Þeir Ari Marteinsson og Arnar Ómarsson komu að þessu verkefni, þeir voru líka með Reiti á Siglufirði. Í Godsbanen kynntumst við öðrum Íslendingi, Elí, sem er orðinn einhvers konar forspraki noise-tónlistarsennunnar þarna úti og leigir litíð hús þarna rétt hjá sem við fengum svo að endurmála. Svo fórum við til Køben, gistum í gömlum herbát í höfninni og máluðum vegg þar nærri.“

Ekki voru Björn og Elsa með fullmótaðar hugmyndir um áfangastaði og verkefni áður en þau héldu af stað heldur spiluðu af fingrum fram. „Við vorum búin að skipuleggja Árósa-verkefnið að hluta og svo leiddi eitt af öðru. Það er skemmtilegt að mæta á svæði og komast inn í samfélag með því að hitta áhuga-vert fólk dálítið tilviljanakennt,“ segir Elsa.

Í Hamborg segir Björn þau hafa búið á hústökusvæði í miðborginni. „Nokkrar blokkir voru teknar yfir af listamönnum fyrir sjö til tíu árum og borgin endaði á að gera leigusamninga við fólk. Þar er nú alls konar rekstur og hverfið alltaf að verða vinsælla. Þessi staður myndar áhugaverða mótsögn við nærumhverfi sitt, þess má geta að



Í Kíev, höfuðborg Úkraínu, skreyttu Björn og Elsa skóla í fjölmennu hverfi.



Fyrsti viðkomustaðurinn erlendis var í Árósum í Danmörku. Þar skildu Björn og Ása eftir sig þetta verk.

höfuðstöðvar Google í Þýskalandi eru þeirra næsti nágranni. Þar ganga menn um í finum fótum en hinum megin við götuna er svo kannski berfættur anarkisti að gera við bílinn sinn. Á bar í hverfinu velur fólk hvað það borgar. Það fer eftir efna-hag. Fær kaffi þó það eigi engan pening, hinir borga eftir getu.“

Spurð hvort mikil eiturlýfjaneysla sé í svona hverfum segja þau hana ekki óeðlilega. „Þetta er engin Kristjanía. Þarna er meira um að fólk sé bara að reyna að lifa af litlu, til dæmis með reiðhjólaviðgerðum,“ lýsir Elsa.

Alls staðar segjast þau fá greitt fyrir sín vegglistaverk og gaffa. „Við erum alltaf á einhvers vegum að mála,“ segir Elsa. „Reyndar máluðum við „Flatús lifir“ á vegginn uppi í Kollafirði fyrir ekki neitt. Það var meðal okkar fyrstu verkefna.“ En hvernig kynnast þau rétta fólkinu?

„Eitt leiddi bara af öðru í okkar ferð. Við gátum tekið okkur þann



Bíllinn var í senn heimili parsins og vinnustofa.

tíma sem við þurftum og það var aldrei nein pressa. Gistum bara í bílnum og elduðum þar líka, bensínið var aðalkostnaðurinn og málningin. Við vorum með íbúð á hjólum og ekkert stress á okkur,“ segir Elsa og Björn kemur með dæmi um hvernig þau skipulögðu sig þegar þau fóru frá Póllandi yfir til Úkraínu. „Við vorum búin að kynnast fólk í Varsjá og spurðum það hvort það þekkti einhverja í Lviv. Það benti okkur á þar á helsta listamannasvæðinu þar, stóru verk-smíðusvæði og þegar þangað kom sagði afgreiðslumaðurinn: „Heyrðu, vinur minn er vegglistamaður, þiltu ekki hitta hann?“ Svona gekk þetta koll af kolli.“

Þau segja Lviv vera gamla pólska borg en í Úkraínu núna. Áhugaverða

borg. „Taxarnir þar eru gamlar lóður og göturnar innanbæjar eru grófari en fjallvegurinn yfir Öxi. En við kynntumst listasennunni og gistum nokkrar vikur á stóru verksmíðusvæði þar sem öllu ægði saman, skrifstofum, galleríum og söðulegum verkstæðum.“

Um helmingur íbúanna talaði einhverja ensku, að sögn Björns. „Öryggisvörður á svæðinu okkar talaði bara úkraínsku en talaði mikið og notaði látbragð óspart, meðal annars til að lýsa stríðinu. Hann var alltaf að koma með epli af trénu í garðinum hjá mömmu sinni til að gefa okkur.“

Í vetur hyggjast Björn og Elsa halda sýningaröð hringinn í kring um Ísland og staldra við á Flateyri að kenna í lýðháskólanum.

Tvöföld virkni
alhliða lausn

Ertu með viðkvæmar tennur?

SensiVital+ er einstakt tannkrem frá GUM með tvöfaldrir virkni sem veitir fljótvirka en langvarandi vörn fyrir viðkvæmar tennur og vinnur gegn tannkuli. Hin tvöfalda virkni ver taugar í tannkviku og þéttir tannbeinið.

Tannkremið hjálpar til við að losa skán og matarleyfar, vinna gegn tannkuli og koma í veg fyrir tannskemmdir.



Söluastaðir: Flest apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup.